

BN/jhb  
B.219/02

Reykjavík 5. mars 2002.

Borist hefur til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), 427. mál.

Í upphafi athugasemda við frumvarpið segir að það hafi verið samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan og í samvinnu við dómsmálaráðuneytið. Þar eð ríkissaksóknari á sæti í refsiréttarnefnd þykir ekki ástæða til sérstakrar umsagnar nema um II. kafla frumvarpsins eða 3. gr., sem ekki er byggður á tillögum refsiréttarnefndar.

- *Tillaga ríkissaksóknara um efni II. kafla eða 3. gr. frumvarpsins:*

Á eftir XXVII. kafla almennra hegningarlaga kemur nýr kafli, XXVII. kafli A, **Sérákvæði um lögaðila**. Ein grein 265. gr. færir í þann kafla, svohljóðandi:

*Heimilt er að gera lögaðila fésekt samkvæmt reglum II. kafla A fyrir brot á þessum lögum sem framin eru lögaðilanum til ávinnings.*

Lög nr. 144/1998 um mútugreiðslu til opinbers starfsmanns falla úr gildi.

- Samkvæmt framangreindu er lagt til að sett verði almenn heimild til að leggja refsábyrgð á lögaðila eftir reglum II. kafla A fyrir brot skv. almennum hegningarlögum sem framin eru lögaðilanum til ávinnings. Þannig verður refsíabyrgð lögaðilans háð því að starfsmaður lögaðilans, sbr. 19. gr. c. almennra hegningarlaga, hafi framið hegningarlagabrotið í starfsemi lögaðilans með saknæmum hætti, venjulega ásetningi, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga, og lögaðilanum til ávinnings. Ávinningur getur jafnt falist í sparnaði sem beinni auðgun.

Tilraun og hlutdeild skv. 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga getur verið refsiverð.

Sérlögin nr. 144/1998 verða óþörf. Athuga ber að gáleysi nægir til sakfellingar fyrir brot á þeim og ávinningur lögaðilans er ekki áskilinn. Hins vegar taka þau hvorki til tilraunar né hlutdeildar.

Nefna skal nokkur brot skv. almennum hegningarlögum sem telja má raunhæft að lögaðili geti borið refsíabyrgð á skv. tillögumni:

Mútur skv. 109. gr. og hryðjuverk skv. hinum nýju ákvæðum sem frumvarpið lýtur að. Þetta eru þau ákvæði sem sérlögin nr. 144/1998 eiga að fjalla um skv. frumvarpinu.

Peningafölsun, sbr. XVI. kafla

Fjársvik, 248. gr. og hilming, 254. gr.

Ávana- og fíkniefnabrot, 173. gr. a. og peningabætti, 264. gr.

*Frekari umfjöllun:*

Í nóvember 1998, þegar veitt var umsögn um frumvarp um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, lagðist ríkissaksóknari gegn áætlun um að mæla fyrir um þessa ábyrgð í sérlögum. Taldi ríkissaksóknari að ákvæðið ætti heima í almennum hegningarlögum og benti á að því mætti koma fyrir í sjálfu mútuákvæði laganna, þ.e. 109. gr. Þessi ábending hlaut ekki hljómgrunn.

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins kemur fram að í Noregi hafi þegar á árinu 1991 verið lögfest almenn heimild til að refsa lögaðilum vegna brota á almennum hegningarlögum og í Danmörku hafi það nú einnig verið gert.

Í Danmörku er áskilið að brot hafi verið framið lögaðilanum til ávinnings en þar í landi hafa sérfræðingar á sviði refsiréttar fjallað rækilega um refsíabyrgð lögaðila og hvernig skipa beri henni.

Í Noregi er mælt fyrir um, sbr. 48. gr. b. í norsku hegningarlögunum, að m.a. eigi að taka tillit til þess við ákvörðun um hvort refsa beri lögaðilanum hvort brotið hefur verið framið í þágu lögaðilans og hvort lögaðilinn hefur haft eða hefði getað haft ávinning af brotinu.

Danmörk og Noregur eru þau lönd sem við höfum frekast leitað fyrirmynda hjá við lagasetningu, ekki síst á vettvangi refsiréttar. Eins og lýst hefur verið eru fyrirmyndir um skipan refsíabyrgðar lögaðila þar til staðar en í athugasemdum með umræddu lagafrumvarpi segir að stefnt sé „að því að kanna nánar lagabreytingar sambærilegar þeim sem gerðar hafa verið í Noregi og Danmörku varðandi almenna heimild í hegningarlögum til að refsa lögaðilum en slíkar breytingar þykja ekki tímabærar að svo stöddu.“ Ríkissaksóknari er ósammála því að þessar breytingar séu ekki tímabærar, eins og framangreind tillaga ber með sér, og telur þvert á móti að þær séu brýnar og óhjákvæmilegar vegna alþjóðlegrar þróunar og krafna um að unnt verði að refsa lögpersónum vegna ýmissa brota á ákvæðum sem skipað er í almenn hegningarlög.



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 - 10